

Áhættuskoðun í lögregluumdæmum

Eins og áður hefur verið fjallað um hér í fréttabréfi almannavarnadeildar þá hefur verið unnið að áhættuskoðun í lögregluumdæmum nú í haust. Verkefnið hefur verið ræst í hverju umdæmi með eins dags vinnufundi þar sem Ágúst Gunnar Gylfason og Guðrún Jóhannesdóttir, starfsmenn almannavarnadeildar, hafa kynnt verkefnið og aðstoðað heimamenn við að hefja verkefnið. Nú er búið að funda í öllum umdæmum frá Akranesi norður og austur um land að Vestmannaeyjum og Hvolsvelli. Einungis er eftir að funda með heimamönnum í umdæmum lögreglustjóranna á Selfossi, Suðurnesjum og á Höfuðborgarsvæðinu.



Fundur 30. október 2007 í umdæmi lögreglustjórans á Akureyri

Fundirnir hafa gengið einstaklega vel. Það hefur verið einstaklega fróðlegt og áhugavert fyrir starfsmenn almannavarnadeildar að fara um landið og kynna sjónarmiðum heimamanna og aðstæðum í héraði. Það er greinilegt að áhugi á málefnum almannavarna er lifandi og að mörg mál af því tagi brenna á mönnum um allt land. Meðal annars hefur verið fjallað um náttúruvá, mengunarmál, hættu af hverskonar slysum s.s. í umferð og vegna ýmiss iðnaðar og samspil skipulagsmála og vár af ýmsu tagi. Einnig hefur verið fjallað um mál sem snerta öryggi samfélagsins.

Á nýju ári verður lokið við fundi í héraði. Næsta skref þar á eftir er að setja saman skýrslu byggða á þeim gögnum sem safnað hefur verið. Markmiðið með skýrslunni er að draga saman á einn stað upplýsingar um við hvaða vá má búast í hverju umdæmi og fá heildarsýn yfir þau verkefni sem þarf að vinna á sviði hættumats, áhættugreiningar og gerðar viðbragðsáætlana. Þessi skýrsla þarf að vera tilbúin fyrir vorið svo nú ríður á að ljúka gagnasöfnun vegna verkefnisins hið fyrsta.

Starfsmenn almannavarnadeildar vilja þakka þeim sem komið hafa að verkefninu á árinu fyrir góðar móttökur og áhugaverðar umræður um málefni almannavarna.

Áætlanagerð vegna influensufaraldurs

Allt þetta ár hafa embætti sóttvarnalæknis og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra unnið að áætlun vegna heimsfaraldurs influensu. Verkefnastjórn og stýrihópur hafa fundað reglulega og margir vinnuhópar hafa verið að störfum. Í vinnuhópunum hafa setið sérfræðingar, hver á sínu sviði og hafa þessir hópar skilað ómetanlegu starfi til þessa verkefnis. Allir hópar hafa skilað skýrslum og búið er að gera fyrstu drög að landsáætlun vegna influensufaraldurs. Áætlunin er í tólf köflum rétt eins og aðrar viðbragðsáætlanir almannavarna og gert er ráð fyrir fimmtán sóttvarnaumdæmum samkvæmt nýrri reglugerð um sóttvarnaumdæmi sem undirrituð var í lok september. Skilgreind verkefni samkvæmt áætluninni eru 19 og er hvert þeirra brotið upp í smærri verkþætti þar sem ábyrgð er skilgreind frekar.

Þann 10. desember var æfing á landsvísu vegna heimsfaraldurs influensu og þar voru fyrstu drög áætlunarinnar lögð fram til æfingar. Niðurstöður æfingarinnar benda til þess að meginrammi áætlunarinnar muni halda. Þó er ljóst að gera þarf áætlanir fyrir hvert sóttvarnaumdæmi byggða á landsáætlun og einnig þarf að samræma áætlanir sjúkrahúsa og landsáætlun. Vonir standa til þess að yfirlestri landsáætlunar ljúki fyrir næsta vor og að þá verði hægt að hefjast handa við þýðingu hennar yfir á ensku. Strax í janúar 2008 verður byrjað að vinna svæðisáætlanir og einnig hefst þá kynningarferli vegna þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin.

Í október voru hér á landi aðilar frá Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins í þeim tilgangi að skoða áætlanagerð Íslendinga vegna influensufaraldurs. Niðurstöður þessarar skoðunar má finna á vef heilbrigðisráðuneytisins en þar kom fram ánægja með þá þverfaglegu nálgun sem notuð hefur verið hér á landi við þetta verkefni og eins mátti greina ánægju með samvinnu sóttvarnalæknis og ríkislögreglustjóra í þessu verkefni. Þann 7. desember var opnuð ný heimasíða, www.influensa.is og er vefsíðan samstarfsverkefni almannavarnadeildar RLS, sóttvarnalæknis, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar. Markmið er að þessi miðill gefi almenningi greinargóðar upplýsingar um árlega influensu, heimsfaraldur influensu og fuglaflensu í mönnum og dýrum. Einnig má nefna að nýr vinnuhópur hefur verið skipaður vegna hjálparsíma í influensufaraldri. Þessi hópur er skipaður aðilum frá Rauða krossinum, Vegagerðinni, Læknavaktinni og

heilsugæslunni en þessar stofnanir bjóða nú þegar upp á símaþjónustu. Ábyrgðaraðili hópsins kemur frá sóttvarnalækni og í hópnum situr einnig aðili frá almannavarnadeildinni.

Fræðslufundur á hótél Sögu þann 7. desember.

Fræðslufundur var haldinn á hótél Sögu með þátttakendum í influensuæfingunni, það er sóttvarnalæknum umdæma og svæða, lögreglustjórum, áhöfn Samhæfingarstöðvar, fulltrúum Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri og aðilum frá Heilbrigðis- og Dómsmálaráðuneyti. Meginmarkmið fundarins var að fara yfir landsáætlun vegna influensufaraldurs, segja frá áhættumatinu sem unnið hefur verið af sóttvarnalækni og að fara yfir framkvæmd influensuæfingarinnar. Vel var mætt á fundinn og líflegar umræður. Í lok fundarins var leikið fréttainnskot frá Ríkisútvarpi og var það forleikur að æfingunni sem hófst tveim dögum síðar.

Æfing vegna influensufaraldurs þann 10. desember

Æfingin hófst kl. 8 að morgni með leiknu fréttainnskoti frá Ríkisútvarpi. Um skrifborðsæfingu var að ræða og var markmiðið að æfa samskipti Samhæfingarstöðvar og aðgerðastjórna umdæma og svæða, láta reyna á landsáætlunina og æfa samskipti við ráðuneyti og fjölmiðla. Æfingunni sem var stjórnad af ríkislögreglustjóra og sóttvarnarlækni lauk klukkan 17 en að henni lokinni héldu aðgerðarstjórnir fundi til að meta árangur og draga lærdóma af henni. Settur var á svið hugsanlegur ferill heimsfaraldurs influensu og voru leikin fréttainnskot Ríkisútvarpsins spiluð á klukkutíma fresti þar sem stigmagnandi áhrifum influensunnar var lýst. Í samræmi við alvarleika ástands hverju sinni leystu þátttakendur úr verkefnum á óvissustigi, hættustigi og neyðarstigi almannavarna eins og um raunverulegan atburð væri að ræða. Verkefni sem lögreglustjórar og sóttvarnalæknar umdæma og svæða þurftu að leysa af hendi voru margs konar. Skipulagðar voru takmarkanir á ferðafrelsi fólks til landsins og innanlands til að hefta útbreiðslu flensunnar. Einnig var æft að framfylgja samkomubanni og skipuleggja flutning og dreifingarstaði nauðsynja og lyfja. Þá skipulögðu aðgerðarstjórnir heimahjúkrun og skimun farþega á landamærastöðvum til að leita að einkennum influensu. Æfingin þótti takast vel og margvíslegur lærdómur áunnist sem sóttvarnarlæknir og ríkislögreglustjóri munu nýta við frekari skipulagsvinnu vegna undirbúnings viðbragða við heimsfaraldri influensu. Ríkislögreglustjóri og sóttvarnarlæknir færa öllum

þeim fjölmörgu sem þátt tóku í æfingunni þakkir fyrir þeirra framlag og þátttöku í æfingunni.

Virkjun Samhæfingarstöðvar vegna óveðurs

Um miðjan desember komu þrjár öflugar lægðir upp að landinu, hver á fætur annarri með stuttu millibili. Áhrifa þeirra gætti víða um land en þó mest á vestari helming landsins frá Suðurlandi og vestur á firði. Nokkur viðbúnaður var hjá viðbragðsaðilum vegna þess þar sem ljóst var að töluverður vindur væri með þessum lægðum.



Að störfum í Samhæfingarstöðinni

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var mönnuð og voru þar fulltrúar almannavarnadeildar og fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra, Neyðarlínunnar, Landsstjórnar björgunarsveita, Lögreglu höfuðborgarsvæðisins, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, og svæðisstjórnar björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu. Samhæfingarstöðin var í nánú sambandi við veðurstofuna allan tímann um framvindu veðursins og spár.

Gríðarlegur erill var hjá viðbragðsaðilum á þessum tíma og þurfti á tímabili að forgangsraða verkefnum en þrátt fyrir það voru nokkur dæmi um að ekki tækist að sinna öllum verkefnum sem upp komu. Í heildina var sinnt um 700 útköllum vegna veðurs og eru þá ekki talin með hefðbundin verkefni sem viðbragðsaðilar sinntu á sama tíma.

Almannavarnir og Evrópusamstarf

EFTA ríkin starfa í vinnuhópi um málefni almannavarna á EES svæðinu. Þar vinna Noregur og Ísland saman að verkefnum sem tengjast almannavarnamálum í Evrópusambandinu og hefur EFTA skrifstofan í Brussel formleg samskipti fyrir vinnuhópin við Evrópusambandið og skoðar jafnframt lögræðileg álitæfni er varða EES samninginn. Kynningafundir eru haldnir í vinnuhópnum á verkefnum sem efst eru á baugi hverju sinni í almannavörnum í Evrópusambandinu.



Á síðustu tveimur fundum hefur verkefni um varnir á mikilvægum innviðum samfélagsins (EPCIP) verið til umfjöllunar í vinnuhópnum. Helstu innviðir ríkjanna eru á ábyrgð þeirra sjálfra en sökum þess hve ríkin eru innbyrðis háð hvert öðru getur brestur innviða í einu ríki haft áhrif langt út fyrir landamæri þess. Í því sambandi má nefna áhrifa frá náttúruvá, tæknivá og váverka af mannavöldum. Tengsl og áhrif mikilvægustu innviða út fyrir landamæri þarf að skilgreina fyrir allt Evrópusambandið. Einnig þarf að meta hvernig eigi að bregðast við mikilli truflun eða bilun sem verður í einu ríki og hefur áhrif á annað ríki. Þessir innviðir eru t.d. samgöngur, orkumál, fjarskipti, matvæladreifing og heilbrigðismál auk efnahags- og fjármálastarfsemi.

Fundir í vinnuhópnum eru haldnir að jafnaði tvisvar á ári og eru haldnir samhliða fundum í almannavarnanefnd Evrópusambandsins. Í nefndinni eru fulltrúar ESB auk Íslands og Noregs. Þar fer fram umræða í almannavarnamálum og á þessu ári hafa verið teknar ákvarðanir í sérfræðingaskiptum, stofnun sjálfstæðra sérfræðingateyma sem hægt er kalla út í stóráföllum, eflingu menntunar, viðbragða og viðbúnaðar í almannavörnum og úthlutun styrkja til æfinga og rannsókna. Í nefnd um kerfi samfélagsúrreða er unnið að skipulagningu hjálparaðgerða í neyðartilfellum bæði innan ESB ríkja og utan. Fylgst er með ástandi mála í aðildarlöndunum í gegnum vöktunar og upplýsingamiðstöð MIC (Monitoring and Information Centre) sem vaktar og bregst við neyðartilfellum allan sólarhringinn. Samskipti ríkjanna og beiðnir um aðstoð fara fram í gegnum sérstakt neyðarboðskipta- og upplýsingakerfi CECIS (The Common Emergency Information and Communication System) sem öll samstarfslöndin hafa beinan tölvuaðgang að. Þegar neyðarástand eða stóráfall hefur orðið og þörf er á utanaðkomandi hjálp er hægt að senda hjálparbeiðni til samstarfslandanna í gegnum CECIS kerfið. Samstarfslöndin láta vita í gegnum kerfið hvaða úrræði þau hafa og geta boðið. Þannig er hægt að stjórna því miðlægt hvaða úrræði og hjálp er í boði fyrir land sem biður um aðstoð í neyð. Einnig hafa verið viðbragðsæfingar þar sem sett er á svið stóráfall og samstarfslöndin bregðast við í gegnum CECIS og bjóða fram aðstoð.

Ráðstefna um almannavarnir

Ráðstefna um almannavarnir í Evrópu var haldin í Brussel 22 og 23 nóvember 2007. Mjög metnaðarfull dagskrá var báða dagana og fjöldi fyrirlestra. Yfirskrift ráðstefnunnar var “Stöndum saman andspænis stóráföllum”. Í pallborðsumræðum var fjallað um þrjú meginefni: “vinnum saman, skipuleggjum saman og

horfum á heildarmyndina”. Alls voru 27 fyrirlestrar auk sameiginlegra funda sem ráðstefnugestir sóttu milli fyrirlestra. Alls sóttu um 600 manns ráðstefnuna.

Litið var á neyðarviðbúnað og viðbragð samstarfsríkja Evrópu og spurt hvort þau geti tekið á stóráföllum ef þau verða samtímis í nokkrum Evrópulöndum. Þá var fjallað um nýjar ógnir og hryðjuverk og hvernig hægt er að læra af reynslunni. Þá var áhersla lögð á hjálfunarmál viðbragðsaðila.

Í umræðunni um skipulagningu var fjallað um hvernig hægt er að styðja við bakið á þeim sem eru í mestri áhættu við stóráföll, hvernig taka beri tillit til sérhópa eins og barna, aldraðra, fatlaðra og ýmissa jaðarhópa þegar gerðar eru viðbragðsáætlanir. Þá var skoðuð staða sjálfboðaliða í samfélaginu og mikilvægi þeirra. Einnig var fjallað um samspil vöktunar, viðvörunarkerfa og virkjunar viðbragðsáætlana við stóráföll.

Þegar litið var á heildarmyndina var hlýnun jarðar skoðuð og hvernig hægt er að bregðast við afleiðingum veðurbreytinga eins og flóða, skógarelda og fellibylja. Þá voru umræður um mikilvægi fjölmiðla og hvernig þeir móta almenningsálitið í heiminum við stóráföll. Að lokum var spurt hvernig við getum undirbúið börnin okkar gegn stóráföllum framtíðarinnar. Hvernig standa skólarnir sig í þessum undirbúningi, er námsefni við hæfi og eru börnin meðvituð um hættunarn í umhverfi sínu.

Í tengslum við ráðstefnuna var umfangsmikið kynningarstarf, þar sem Evrópuríkin kynntu það sem þau eru að gera í almannavarnamálum og hjálparsamtök og frjáls félagasamtök kynntu störf sín.

Hægt er að nálgast fyrirlestrana sem haldnir voru á ráðstefnunni á vefsíðu Evrópusambandsins

<http://ec.europa.eu/environment/civil/forum2007/proceedings.htm>

**Starfsfólk almannavarnardeildar
ríkislögreglustjórans þakkar öllum
samstarfsaðilum fyrir samstarfið á árinu sem
er að líða með ósk um farsæld á komandi ári.**

